



T-106-REVE

REKSTUR OG STJÓRNUN – VERKFRÆÐILEGAR AÐFERÐIR

6 ECTS

Ár:	1. ár.
Önn:	Vorönn.
Stig námskeiðs:	1. Grunnám, grunnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Skyldunámskeið RV.
Nauðsynlegir undanfarar:	Engir undanfarar.
Skipulag:	Kennt í 12 vikur, 6 kennslustundir í viku.
Umsjónarkennari:	Páll Kr. Pálsson.
Kennari:	Páll Kr. Pálsson.

Lærdómsviðmið:

Að nemendur hafi að loknu námskeiðinu haldgóða þekkingu á þeirri aðferðafræði sem beitt er við stjórnun fyrirtækja, út frá verkfræðilegum sjónarmiðum og verkfræðilegri hugsun. Þekki og skilji hvernig hugsun og aðferðafræði bestunar er beitt við stjórnun, einkum á eftirtöldum sviðum:

- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar. Skilji aðferðafræði og ferlið við útfærslu þessara þátta og geti útskýrt það.
- Kostnaðar- og afkomuútreikningar, framlegðarútreikningar og framleiðnimælingar og “stjórnun” efnahagsreiknings fyrirtækja. Þekki helstu aðferðir sem beitt er og getir reiknað mikilvægustu kennitölur.
- Stjórnun; hlutverk og starf stjórna, skipurit og starfsmannamál. Geti útskýrt og rætt helstu hugtök á þessum sviðum.
- Viðskiptavinurinn og samkeppnisgreining, svo sem markaðsgreining, markaðsrannsóknir og markaðsaðgerðir. Hafi yfirsýn og getu til að rökstyðja helstu verkferla á þessum sviðum.
- Verðmætasköpunarferlið; innkaup, birgðastýring, framleiðsluskipulagning og framleiðslustjórnun. Skilji og þekki hvernig bestunarlíkönum er beitt á þessum sviðum.
- Tækni, tækniþróun, rannsóknir, þróunarstarfsemi og nýsköpun. Skilji gildi nýsköpunar fyrir fyrirtæki og samfélagið.
- Geti tjáð sig í ræðu og riti um ofangreinda þætti og rökstutt viðhorf sín og séu færir um að kynna og túlka viðhorf sín í verkefnum sem snúa að ofangreindum þáttum með aðferðafræðilegri hugsun og verkfærum verkfræðinnar.
- Skilji heildarsamhengi rekstrar út frá flóknu umhverfi fjölda breytna. Skilji eftirspurnar-, kostnaðar- og afkomuföll. Þekki og skilji aðferðafræði æviskeiðsferla fyrirtækja og afurða.

Lýsing: Fjallað verður um öll helstu svið stjórnunar og þá aðferðafræði og hugsun sem þar hefur verið þróuð út frá verkfræðilegri nálgun. Við förum í fyrirlestrum í gegnum aðferðafræðina, vinnum verkefni í tímum og heimsækjum fyrirtæki, þar sem verkfræðimenntaðir einstaklingar eru við stjórnvölinn og upplifum notkun aðferðanna eftir því sem kostur er. Námskeiðinu er ætlað að gefa yfirlit yfir störf og viðfangsefni rekstrarverkfræðinga og grunn undir viðfangsefni námsbrautarinnar. Fjallað er um:

- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar.
- Kostnaðar- og afkomuútreikningar, framlegðarútreikningar og framleiðnimælingar og “stjórnun” efnahagsreiknings fyrirtækja.
- Stjórnun; hlutverk og starf stjórna, skipurit og starfsmannamál.
- Viðskiptavinurinn og samkeppnisgreining, svo sem markaðsgreining, markaðsrannsóknir og markaðsaðgerðir.
- Verðmætasköpunarferlið; innkaup, birgðastýring, framleiðsluskipulagning og framleiðslustjórnun.
- Tækni, tækniþróun, rannsóknir, þróunarstarfsemi og nýsköpun.

Lesefni: 1. *Handbók athafnamannsins I: Stefna, stjórnun og starfsmenn.* Höfundur Páll Kr. Pálsson. Útgefandi Skyggni ehf og SPRON. Sept. 2006. 2. *Handbók athafnamannsins II: Gerð rekstrar og viðskiptaáætlana, Nýsköpun*

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluáferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.



og þróun, Arðsemisútreikningar og verðmat, Kostnaðargreiningar. Höfundur Páll Kr. Pálsson. Skyggni ehf. Sept. 2018.

3. Annað námsefni, einkum af netinu, verður kynnt samhliða framvindu námskeiðsins.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og fyrirtækjaheimsóknir.

Námsmat: 3. klst. skriflegt próf (68%) og verkefni úr fyrirtækjaheimsóknum og vinnusessionum í tímum (32%). Skilaskylda er á 2 greinargerðum úr 3 fyrirtækjaheimsóknum og 2 greinargerðum úr 3 vinnusessionum í tímum.

Tungumál: Íslenska.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluaðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.

Uppfært 15. maí 2020